

**Nd. 106. Frumvarp til laga [101. mál]**  
um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

**1. gr.**

Verð á hvers konar vöru má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til slíkrar hækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Hundraðshluti álagningar á vörum í heilðsölu og smásölu má eigi hækka frá því, sem var 1. nóvember 1970. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Ákvæði 1. og 2. málsg. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

## 2. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½%. Skattur þessi skal lagður á alla sömu aðila og lög nr. 14/1965, um launaskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra að fullu um álagningu og innheimtu þessa sérstaka skatts, svo og um aðra framkvæmd hans.

Tekjur af skatti þessum renna í ríkissjóð, og skal þeim varið til niðurgreiðslu vöruverðs.

## 3. gr.

Frá 1. nóvember 1970 skulu árlegar fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 nema 8 000 kr. með hverju barni í fjölskyldu.

## 4. gr.

Reikna skal kaupgreiðsluvísitölu 1. nóvember 1970, 1. febrúar og 1. maí 1971, og skal greiða verðlagsuppbót eftir henni samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í 5. gr., frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún er reiknuð.

Kaupgreiðsluvísitala samkvæmt 1. málsg. skal reiknuð eftir framfærsluvísitölu á þar greindum tímum, en þó skal, að því er varðar þær vörur, sem greiddar eru niður með fjárframlagi úr ríkissjóði, miða við smásöluverð að frádreginni þeirri verðlækkun, sem kann að verða frá 1. desember 1970, 1. marz og 1. júní 1971 vegna aukinnar niðurgreiðslu. Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd, með minnst tveggja vikna fyrirvara, þær breytingar, sem hún hverju sinni kann að hafa ákveðið að gera á niðurgreiðslu vöruverðs frá og með byrjun þessara mánaða.

Við útreikning á kaupgreiðsluvísitölu skal eigi taka tillit til þeirrar verðhækkunar, sem varð á útsöluverði áfengis og tóbaks 30. október 1970, og eigi heldur til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971.

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu í nóvember 1970, febrúar og maí 1971 skal eigi taka tillit til þeirrar hækkunar á húvöruverði til framleiðenda, sem leiðir af hækkun á vinnulið verðlagsgrundvallar, annað hvort vegna grunnlaunahækkunar eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun. Gildir þetta eins þótt slík hækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

## 5. gr.

Verðlagsuppbót á grunnlaun frá 1. desember 1970, 1. marz og 1. júní 1971 skal fylgja kaupgreiðsluvísitölu þeirri, sem reiknuð hefur verið í næsta mánuði á undan (sbr. 4. gr.). Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. september 1971.

Verðlagsuppbót skal reiknuð með tveimur aukastöfum. Nú er verðlagsuppbót reiknuð samkvæmt ákvæðum þessarar gr. eigi meira en 0.05% ofan eða neðan við verðlagsuppbót þess greiðslutímabils, sem er að ljúka, og skal hún þá eigi breytast á næsta 3ja mánaða tímabili.

## 6. gr.

Húsaleiga, er fylgir verðlagsvísitölu samkvæmt samningi, má hækka til samræmis við vísitölur eins og þær eru í nóvember 1970, en eftir það skal húsaleiga samkvæmt slíkum samningi haldast óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins.

Hagstofa Íslands sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma um túlkun á fyrri málsg. þessarar gr.

## 7. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigir útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í 3. málsg. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1970, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. ágúst 1971.

*Gjört í Reykjavík, 19. nóvember 1970.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lagafrumvarp þetta er borið fram til þess að stöðva hinar viðsjárverðu vixlhækkanir verðlags og kauplags, sem magnast hafa að undanfögnu. Með efnahagsaðgerðunum seint á árinu 1968 hófst hagstæð þróun í efnahagslífinu. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið ört á ný, og auknar tekjur almennings hafa fylgt í kjölfarið, samfara öflugri aukningu neyzlu og fjárfestingar. Því miður náðist ekki samstaða um, að almenningur nyti kjarabóta með þeim hætti, er samrýmt gæti misjafnri greiðslugetu atvinnuveganna, heldur var kauphækkun stefnt svo hátt, að verulegar verðhækkanir hlutu að reynast óhjákvæmilegar. Sú skriða víxlhækkana, sem þannig var hleypt af stað, teflir varanlegum hagvexti og atvinnuöryggi í tvísýnu, verði hún ekki stöðvuð í tæka tíð. Jafnframt endurvekur sú framvinda öll þau margþættu vandamál, sem verðbólgunni eru samfara, með afleiðingum, sem Íslendingum eru allt of vel kunnar af fyrri reynslu.

Ráðstafanir þær, sem ráðgerðar eru skv. lagafrumvarpi þessu og í tengslum við það, miða að því að stöðva verðbólguþróunina með því að stöðva víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags við það mark, sem orðið var 1. september síðast liðinn. Þegar á allt er litið, mun launþegum jafnt sem atvinnuvegunum farnast eins vel eða betur, verði gerðar þær ráðstafanir, sem lagðar eru til, fremur en áfram sé haldið gagnvirkum aðlögunum verðlags og launa. En ríkissjóður mun nýta aukinn fjárhagslegan styrk sinn í þessu skyni, og þar með tryggja gildi gjaldmiðilsins og rekstrargrundvöll útflutningsframleiðslu.

Heildarmeðaltal launahækkunar, sem um var samið í júní síðast liðnum, er talið hafa numið um 18%, en að meðtalinni verðlagsuppbót skv. maí-vísitölu, sem jafnframt var samið um, mun alls hafa verið samið um nálægt 21.5% kauphækkun að meðaltali. Hækkun framfærsluvísitölu í ágúst um 4.25% leiddi til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu um 4.21% hinn 1. september. Nú er almennt kaupgjald því um 26.5% hærra en það var fyrir síðustu kjarasamninga. Nýlegar athuganir benda til þess, að framfærsluvísitalan myndi að óbreyttu hafa hækkað um 11.8% frá maí til nóvember, en alls um 13.1% frá maí til febrúar n. k. Kaupgreiðsluvísitalan mundi þá ná 110.4 stigum hinn 1. desember og 111.7 stigum hinn 1. marz, og væri kaupgjald þá orðið 35.7% hærra en fyrir kjarasamningana. Með þessu eru ekki taldar áframhaldandi víxlverkanir af völdum þeirra verðlagsuppbóta, sem þar með væru fram komnar. Að þeim meðtöldum mundi framfærsluvísitalan hafa hækkað síðari hluta næsta árs um a. m. k. 16% frá maí s. l. og kaupgreiðsluvísitalan um 14%. Mundi kaupgjald þá alls hafa hækkað um 38.5% frá maí s. l. Hér er um lágmarkshækkun að ræða, þar sem ekki er gert ráð fyrir óframkomnum erlendum verðhækkunum, né öðrum óvissuatriðum, sem leitt gætu til verðhækkana. Hækkunin kynni því að fara fram

úr þessari áætlun, ef ekki yrði gripið til fyrirhugaðra ráðstafana.

Þótt verðhækkanir þessar séu miklar, eru þær ekki meiri en ástæða var til að ætla, að kjarasamningarnir í sumar leiddu til, sé jafnframt tekið tillit til erlendra verðhækkana. Þó hefur komið í ljós, að ástæður til verðhækkana hafa ekki ein-skorðast við nýgerða kjarasamninga og erlendar verðhækkanir, heldur höfðu bæði einkaaðilar og opinberir aðilar dregið af ýmsum ástæðum að taka tillit til fyrri kostnaðarhækkana. Lágmarksáætlun, sem gerð var í vor um áhrif hækkaðs launakostnaðar, benti til, að 21.5% hækkun myndi leiða til 13.1% hækkunar verðlags. Við það bætast áhrif erlendra verðhækkana um u. þ. b. 1.6%, en að meðtöldum víxlverkunum frá þeirri viðbótarhækkun mátti gera ráð fyrir 15—16% heildarhækkun verðlags, eða nokkurn veginn jafn mikilli og nú er talið útlit fyrir að óbreyttu.

Af þessu er augljóst, að ekki var hægt að koma í veg fyrir verðlagshækkanir með beitingu verðlagsákvæða, áður en aðlögun verðlags að hækkun launakostnaðar í öndverðu var komin fram. Rök þau, sem færð voru fram fyrir nauðsyn þessara hækkana, voru svo sterk, að þeim varð ekki andmælt. Hækkanirnar hafa dreifzt mjög almennt á allar tegundir vöru og þjónustu og tiltölulega jafnt, eftir því, sem tilefni hafa gefizt til. Hafa hlutaðeigandi yfirvöld fylgzt rækilega með verðlagsaðlöguninni með stuðningi sundurliðaðra vísitöluyfirlita og áætlana og unnið að samræmdu mati hækkunartilefna, svo að sem fastast yrði á móti spornað. Hefur jafnframt verið unnið að því að ljúka þeirri verðlagsaðlögun, sem óhjákvæmileg reyndist, meðan athuganir hafa farið fram til undirbúnings almennum aðgerðum til verðstöðvunar.

Þar sem hér er um að ræða margþætt vandamál, sem snertir alla þjóðfélagsaðila, einkum þó aðila vinnumarkaðarins, leitaðist ríkisstjórnin við að ná sem víðtækustu samkomulagi um aðgerðir. Stofnaði ríkisstjórnin því til viðræðna við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. En í bréfi ríkisstjórnarinnar, dags. 1. júlí s. l. segir m. a.:

„Þar sem margföld reynsla sýnir:

1. að víxlhækkanir á kaupum og verðlagi hafa mjög orðið til þess að draga úr gildi kauphækkana fyrir launþega, jafnframt því, sem þær hafa ofþyngt atvinnuvegum, svo að gagnráðstafanir hafa orðið óumflýjanlegar og
2. að mjög er áfátt um undirbúning og aðferðir við samningagerð í kaupgjaldsmálum,

óskar ríkisstjórnin samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um rannsókn þessara vandamála og tillögugerð, er verða megi til varanlegra umbóta í þessum efnunum.“

Svar þessara aðila var jákvætt, og var fyrsti fundurinn með þeim haldinn 20. ágúst. Var fulltrúum Stéttarsambands bænda þá boðið að taka þátt í viðræðunum, að því er umbjóðendur þeirra varðaði. Gagnasöfnun og athugunum á eðli vandamálsins var haldið áfram þar til á 8. og síðasta almenna fundi aðila. En eftir það var rætt við hvern aðila sérstaklega.

Í viðræðunum voru, auk margháttaðra heimilda um launa- og verðlagsmál, lagðar fram skýrslur og áætlanir um þjóðarframleiðslu, útflutningstekjur, innflutning, jöfnuð þjóðarþúsins út á við og afkomu atvinnuveganna. Kom fram, að kaupmáttur launa og neyzla einstaklinga hafa aukizt mjög verulega. Kaupmáttur launa yfir tímabilið júní 1970—maí 1971 mun verða 17.4% hærri en í maí s. l., eða 14% hærri en í júní byrjun s. l. Kemur sú aukning í framhaldi af 6.6% aukningu kaupmáttarins á síðasta samningstímabili frá maí 1969 til júníbyrjunar 1970. Áætlað hefur verið með hliðsjón af þegar gerðum kjarasamningum, að aukning einkaneyzlu muni nema 12.9% milli 1969 og 1970 og 9% til viðbótar milli 1970 og 1971.

Á yfirstandandi ári mun verða hagstæður greiðslujöfnuður við útlönd og afkoma útflutningsatvinnuveganna yfirleitt góð. Eins og málin stóðu eftir síðustu hækkun verðlagsuppbóta í september voru horfur á, að óheft verðbólguþróun mundi leiða til hallareksturs útflutningsgreinanna og óhagstæðs viðskiptajafnaðar, er hvort

um sig gæti numið hundruðum milljóna. Hins vegar var talið, að með stöðvun á því stigi framleiðslukostnaðar, sem þá ríkti, mundi haldast bærilegur jöfnuður. Afurðaverð er tíðum breytingum undirorpið. En hærra verðlag en náðst hafði í september s. l. hlýtur að teljast ótryggur grundvöllur. Það er hlutverk verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins að jafna tímabundnar sveiflur afurðaverðsins. Áframhaldandi verðbólga myndi hindra þróun þeirra útflutningsgreina, sem staðið gætu við hlið sjávarútvegsins. Sérstaka áherzlu verður að leggja á, að þær launahækkunarir, sem útflutningsatvinnuvegirnir geta borið, komi fram sem raunverulegar kjarabætur, en ekki sem verðlagsuppbætur, sem ekki fela í sér aukið raungildi launa. Á þennan hátt er stefnt að auknu atvinnuöryggi, sem er jafn mikilvægt launþegum og atvinnurekstrinum.

#### Um verðstöðvun (sbr. 1., 6. og 7. gr.)

Gert er ráð fyrir, að verðstöðvunin taki gildi miðað við verðlag hinn 1. nóvember, en frá og með þeim degi gekk í gildi bann við verðhækkunum á þeim vettvangi, sem vald Verðlagsnefndar nær til, sbr. lög nr. 54 1960. Hagstofan gerði í fyrri hluta október athugun á verðlagi neytluvöru og þjónustu og gerði á þeim grundvelli áætlun um vísitölu framfærslukostnaðar hinn 1. nóvember. Enda þótt verðstöðvun væri þá í vændum, áttu eftir að koma fram óhjákvæmilegar verðhækkunarir opinberra aðila, er falla síðar til skv. föstum reglum, svo og áhrif áður tekinna verðlagsákvæðana og tiltekin áhrif erlendra verðhækkana. Að þessum væntanlegu hækkunum meðtöldum var gerð heildaráætlun um óhjákvæmilega hækkun framfærslukostnaðar, án tillits til þeirra áhrifa, sem hækkun verðlagsuppbóta í september eða síðar myndi hafa á verðlag, ef ekkert yrði að gert. En að mestu ætti áætlun hækkun að vera komin fram í febrúar n. k.

Áætlun þessi fer hér á eftir, ásamt þeirri hækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem kæmi í kjölfarið. Er framfærsluvísitalan færð til grundvallar í maí-mánuði s. l., en grunnur kaupgreiðsluvísitölu miðast við þann tíma. Áætlunin er sett fram með fyrirvara um atriði, sem kunna að hafa breytt frá athugun, svo og um hugsanlegar erlendar verðbreytingar.

	Vísitala framfærslukostnaðar	
	Jan. 1968 = 100	Maí 1970 = 100
Maí 1970 .....	141.2	100.0
Ágúst 1970 .....	147.2	104.25
Nóvember 1970, áætlun .....	157.9	111.8
Febrúar 1971 (eða síðar), áætlun .....	159.7	113.1

Sú hækkun verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, sem stafar af hækkun launaliðarins til samræmis við önnur laun, dregst frá, þá er kaupgreiðsluvísitala er reiknuð. Er sá frádráttur áætlaður 1.4%-stig m. v. maí-grunn, bæði í nóvember og febrúar. Myndi hækkun kaupgreiðsluvísitölnnar þá verða sem hér segir, en grunnur hennar í júní s. l. miðast við framfærslukostnað í maí.

	Kaupgreiðsluvísitalan	
	Júní (maí) 1970 = 100	Hækkun frá sept.-stigi
September 1970 .....	104.21	—
Desember 1970 .....	110.4	6.2
Marz 1971 .....	111.7	7.5

Með verðstöðvuninni, þ. e. almennu banni við verðhækkunum, er gerð ráðstöfun til þess að fyrirbyggja, að verðlag hækki frekar en gert er ráð fyrir í ofangreindu, og óhjákvæmilegt hlýtur að teljast. En auk þess hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að hamla gegn verðhækkunum, sem að öðrum kosti hefðu orðið

enn meiri en að ofan greinir. Að tilhlutan ríkisstjórnarinnar hefur Verðlagsnefnd starfað skv. þeirri meginreglu að taka ekki tillit til hækkunar á launakostnaði vegna verðlagsuppbóta í september, að undantekinni útseldri vinnu, þar sem launin sjálf eru sölueining í viðskiptum. Jafnframt hefur nefndin almennt beitt ströngu aðhaldi í afgreiðslum sínum og ekki leyft meiri verðhækkunir en mat á afkomu hlutaðeigandi fyrirtækja og atvinnugreina hefur gefið tilefni til. Þá hefur ríkisstjórnin hlutast til um sérstaklega strangt aðhald að verðákvörðunum opinberra stofnana, og hefur þeim verið haldið innan mun þrengri marka en almennar reglur eða fyrirframáætlanir um hækkunartilefni gáfu ástæðu til og í sumum tilvikum langt undir rökstuddum óskum hlutaðeigandi stofnana. Mun takmörkuð verðhækkun opinberra aðila reyna mjög á hagræðingu og nýtni í rekstri þeirra.

Ekki er unnt að gera nákvæma grein fyrir því, að hvaða marki fyrirstaða þessi hefur dregið úr verðhækkunum. Eftir því sem næst verður komizt, munu verðhækkunir opinberra aðila valda minni hækkun vísitölunnar sem svarar um 0.4%-stigum (m. v. maí-grunn) en skv. almennri áætlun um hækkunartilefni. Fyrirstaða verðlagsyfirvalda gegn áhrifum septemberhækkunar launa mun að öllum líkindum valda svipuðum eða meiri mun, svo að alls hafi þegar verið hamlað gegn u. þ. b. 1%-stigs hækkun með ofangreindum ráðstöfunum.

Þar sem samningar um húsaleigu kveða í mörgum tilvikum svo á, að leigan skuli tengd vísitölu, er með 6. gr. gert ráð fyrir, að þegar áorðin hækkun viðkomandi vísitölu sé tekin til greina, en hækkunir unfram það ekki leyfðar á gildistíma laganna.

Til frekari tryggingar fyrir stöðvun verðlags, er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilt að koma í veg fyrir hækkun hvers konar skattgjalda af hálfu sveitarfélaga. Eru ákvæði 7. gr., sem um þetta fjalla, hliðstæð ákvæðum 3. gr. laga um heimild til verðstöðvunar nr. 86, 1966.

#### Um launaskatt og aðra tekjuöflun (sbr. 2. gr.).

Álagning sérstaks launaskatts er framlag atvinnurekstrarins til verðstöðvunar. Er sú leið einfaldari og eðlilegri en aðrar, sem komið gætu til mála. Skatturinn leggst á þá stærð í rekstrinum, launakostnaðinn, sem fyrst og fremst myndi hækka, ef ekki kæmi til verðstöðvunar. Atvinnurekstrinum er ætlað að bera þennan skatt, án þess að tillit verði tekið til hans í verðlagi vöru og þjónustu. Þar sem orðið hefur mikil og almenn aukning framleiðslu og veltu fyrirtækja á þessu ári, má telja víst, að atvinnurekstrinum muni almennt reynast kleyft að bera þetta nýja álag, enda þótt örðugt geti reynzt í þeim tilvikum, þar sem strangast aðhald hefur verið haft að verðlagi. Í samanburði við þá hækkun verðlagsuppbóta, sem í vændum væri að óbreyttu, er atvinnuvegunum augljós hagur að því að greiða heldur hinn nýja launaskatt.

Áætlað er, að hvert 1% á álagningarstofn launaskatts skili á heilu ári (1971) 238 m.kr., þar af um 218 m.kr. hreinum tekjuauka umfram það, sem fellur á launaútgjöld ríkissjóðs. Þannig er áætlað, að 1½% launaskattur skili 327 m.kr. hreinum tekjuauka á heilu ári til hinna fyrirhuguðu verðstöðvunarráðstafana, eða 246 m.kr. þá þrjá ársfjórðunga, sem lögum er ætlað að gilda.

Þá hefur verð á áfengi og tóbaki þegar verið hækkað um 15% í þeim sérstaka tilgangi að standa undir útgjöldum vegna verðstöðvunarráðstafana. Tekjuauki af þessari ráðstöfun er áætlaður 190 m.kr. Hér er um að ræða sérstaka hækkun á munaðarvörum til þess að greiða niður lífsnauðsynjar almennings, og því ekki reiknuð til verðlagsuppbóta þau 0.6%-stig vísitölunnar, sem hækkunin mun valda.

Hliðstætt þessu hafa hækkunir tryggingagjalda vissa sérstöðu. Að framkominni væntanlegri hækkun almennatryggingagjalda um næstu áramót, má vænta, að samanlögð hækkun þeirra og sjúkrasamlagsgjalda verði til muna meiri hlutfallslega en vísitölunnar að öðru leyti. En hækkun þessara greiðslna á aðeins að nokkru leyti

rót sína að rekja til verðhækkana, heldur stafar af auknum greiðslum til þeirra, sem verst eru settir, í samræmi við almennar kjarabætur, svo og af mjög aukinni heilbrigðisþjónustu. Mun í samskiptum launþega og vinnuveitenda tæplega hafa verið höfð hliðsjón af, að framvinda félagsmála hefði slík áhrif til örari vixlhækkana. Er því gert ráð fyrir, að væntanleg hækkun almannatryggingagjalds um næstu áramót, er numið getur um 0.4%-stigum, verði ekki látin hafa áhrif til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

Að öðru leyti en að ofan er greint mun útgjöldum vegna verðstöðvunarinnar mætt með framlagi ríkissjóðs án nýrra eða hækkaðra skattgjalda, í samræmi við þá meginhugsun, að hver hinna þriggja meginaðila, er hagnast á verðstöðvun, atvinnureksturinn, launþegar og ríkissjóður, stuðli með sínum hætti að lausn vandans.

Ríkissjóði er kleift að taka þetta á sig af eftirgreindum ástæðum. Vegna minni útflutnings landbúnaðarafurða, er leiða mun af aukinni neyzlu innanlands, munu sparast um 130 m.kr. í útflutningsbótum. Til að mæta hækkuðum verðlagsuppbótum launa voru lagðar til hliðar 150 m.kr., og sparast sú upphæð a. m. k. að mestu leyti við verðstöðvun. Að sama skapi verður þrengra svigrúm fyrir aukningu annarra útgjalda, sem kann að reynast nauðsynleg. En aftur á móti mun auðið að ná drýgri tekjum en reiknað er með í fjárlagafrumvarpi út úr vissum tekjustofnum, án þess að auka skattbyrðar og jafnvel þótt þær séu ákveðnar léttari en nú er. Mun þessi hlið málsins vera til meðferðar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1971. Loks má vænta þess, að afkoman í ár muni gera kleift að létta nokkuð byrðar lánagreiðslna, sem annars féllu til á næsta ári. Alls má vænta, að framlag ríkissjóðs, sem séð yrði fyrir með ofangreindum hætti, verði um 340 m.kr. miðað við heilt ár.

Fjár til útgjalda vegna verðstöðvunar, sem alls eru áætluð 858 m.kr. miðað við heilt ár, verður þá aflað með eftirgreindum hætti:

	Heilt ár	¼ árs
Launaskattur 1½% .....	327 m.kr.	245 m.kr.
Hækkun á verði áfengis og tóbaks ....	190 —	143 —
Framlag ríkissjóðs .....	341 —	256 —
	<hr/>	<hr/>
Alls til ráðstöfunar	858 m.kr.	644 m.kr.

#### Um niðurfærsluráðstafanir (sbr. 3. og 4. gr.).

Til þess að verðstöðvun geti orðið raunveruleg, verður að færa niður með einum eða öðrum hætti þau 7.5%-stig vísitölnnar á maí-grunn, sem að öðrum kosti myndu reynast óhjákvæmilegt tilefni öflugra og örra gagnverkana verðlags og launa. Stefnt er að því að ná eftirgreindum árangri með aukningu fjölskyldubóta skv. 3. gr. frumvarpsins og niðurgreiðslum lífsnauðsynja, en heimild til þeirra liggur fyrir í 28. gr. laga um efnahagsmál nr. 4, 1960.

Fjölskyldubætur voru síðast hækkaðar 1. apríl s. l. um 27%, nema bætur með 1. barni foreldra, sem stóðu óbreyttar. Fyrirhugað er að jafna greiðslur með 1. barni við greiðslur með síðari börnum og hækka hvorar tveggja upp í 8 000 kr. m. v. heilt ár. Áætlun um fjölskyldubætur á heilu ári (1971) ásamt fyrirhuguðum breytingum, er sem hér segir:

	Ársbætur á barn	Ársupphæð m.kr.
Núgildandi áætlun		
1. barn foreldra .....	4 356	139.4
Síðari börn .....	5 532	226.8
	<hr/>	<hr/>
Alls		366.2
Auknar bætur .....	8 000	584.0
Aukning bóta .....		217.8

Niðurfærsla vísitölu framfærslukostnaðar við þessa aukningu fjölskyldubóta mun verða um 1.55%-stig á maí grunn. Gert er ráð fyrir, að hækkaðar fjölskyldubætur taki gildi frá 1. nóvember, og nemur kostnaður hækkunarinnar á gildistíma laganna þá um 180 m.kr.

Hækkun ársupphæðar fjölskyldubóta mun verða sem hér segir, miðað við mismunandi barnafjölda foreldra:

Börn í fjölskyldu	Ársupphæð bóta í krónum		
	Fyrir hækkun	Eftir hækkun	Hækkun
1 barn .....	4 356	8 000	3 644
2 börn .....	9 888	16 000	6 112
3 — .....	15 420	24 000	8 580
4 — .....	20 952	32 000	11 048

Niðurgreiðslur búvara hafa lækkað allmjög að hlutfalli við útsöluverð þeirra um árabíl, að undanteknu verðstöðvunartímabilinu 1966—'67, er þær hækkuðu verulega. Búvörur hafa að sjálfsgöðu mjög mikla þýðingu í neyzlu almennings og þar með í vísitölu framfærslukostnaðar, enda þótt þær vegi þar ekki eins þungt að tiltölu og var í fyrra vísitölugrundvelli. Árskostnaður á niðurgreiðslu hvers vísitölustigs er mismunandi eftir afurðum, lægstur á nýmjólk og kartöflum, hærri á kjöti, en hæstur á smjöri. Metin jafnast hins vegar verulega, þegar tillit er tekið til sparnaðar útflutningsbóta við aukna neyzlu búvaranna innanlands.

Niðurgreiðsla búvara verkar þegar í stað til þess að koma hagsbótum á framfæri við launþega og aðra neytendur. Neyzla þessara vara mun aukast við niðurgreiðslu þeirra, og hafa nýlegar rannsóknir varpað ljósi á sambandið milli verðs þeirra og neyzlumagns. Á hinn bóginn mun draga úr útflutningi og sparast útflutningsuppbætur, sem bændum eru tryggðar með sérstökum lagaákvæðum.

Áformuð er aukin niðurgreiðsla neyzluvara, er svari allt að 3.6%-stigum vísitölu á maí-grunni, eða stigum kaupgreiðsluvísitölu. Er áætlað, að það muni kosta ríkissjóð um 640 m.kr. m. v. neyzlu heils árs. Að mestu eða öllu leyti er hér um niðurgreiðslu búvara að ræða, þótt aðrar hliðstæðar ráðstafanir í takmörkuðum mæli séu enn til athugunar. En á móti er áætlaður sparnaður útflutningsbóta um því sem næst 130 m.kr. á ársgrundvelli. Upphæðin til þeirra í fjárlagafrumvarpi er 390 m.kr. (405 m.kr. eftir endurskoðun á áætlun um verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar). Niðurgreiðslur á mjólk og rjóma tóku gildi 1. nóvember, samtímis hækkun á áfengi og tóbaki.

Auk reglubundinna verðhækkana vegna geymslu- og vaxtakostnaðar á kjöti má reikna með nokkurri hækkun fóðurbætisverðs, sem framleiðendur ættu að óbreyttu rétt á að fá bættu í verði afurðanna. Búvöruframleiðendur hagnast óbeint á verðstöðvun, þar sem að jafnaði er ársfjórðungsfræstur frá því að hækkaðar verðlagsuppbætur koma á laun, þar til þær koma fram í afurðaverði, og hið sama gildir í svipuðum eða ríkari mæli um aðrar kostnaðarhækkunarir. Er því sanngjarnt, að bændur leggi eitthvað af mörkum sem framleiðendur, en launaskattur skv. frumvarpinu leggst ekki á búvöruframleiðendur. Er til þess ætlað, að það komi fram í þeirri mynd, að framleiðendur taki á sig hækkun fóðurbætis að tilteknu marki, og verður haft um það nánara samráð við samtök framleiðenda.

Alls nema áformaðar ráðstafanir til þess að halda framfærslukostnaði niðri eftirgreindum áætluðum fjárhæðum og vísitöluáhrifum:

	Ársútgjöld m.kr.	Útgjöld á gildistíma m.kr.	Niðurfærsla %-stig á maí grunn
Fjölskyldubætur .....	218	180	1.55
Niðurgreiðslur .....	640	480	3.55
	858	660	5.10



### Verðlagsuppbót á laun (sbr. 5. gr.).

Launþegar munu eins og aðrir hagnast á því, að verðlag hækki ekki frekar, enda þótt kaupíð hækkaði frá 1. desember vegna verðhækkana. Samkvæmt gildandi kjarasamningum breytast verðlagsuppbætur á þriggja mánaða fresti, en verðlagshækkannirnar dreifast á þriggja mánaða tímabilið. Verðlagsuppbætur koma því alltaf nokkuð á eftir verðlagshækkuninni.

Ef þróun verðlags og kaupgjalds yrði eins og áætlað hefur verið á tímabilinu fram í maí næstkomandi, yrði tjón launþegans á heilu ári, júní 1970 til maí 1971, af þessum sökum 2.75%-stig að meðaltali, en á næsta tímabili, desember 1970 til febrúar 1971, er það áætlað um 2%-stig. Miðað við að verðbólga héldi áfram að magnast og ráðstafanir yrði að gera til stuðnings atvinnuvegunum, má gera ráð fyrir, að frambúðartap vegna tafar á verðlagsbótum yrði ekki minna en þetta.

Með tilliti til þess, að launþegar munu, vegna þeirra ráðstafana, sem þetta frumvarp fjallar um, forðast þessa 2% kjararýrning, er gert ráð fyrir, að greiðsla 2% launahækkunar vegna verðhækkana frestist frá 1. desember 1970 til loka verðstöðvunartímabilsins, 1. september 1971. Þá koma þessi 2%-stig aftur til framkvæmda og greiðast frá þeim tíma.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:*

#### Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. er verðhækkun á öllum vörum og á seldri þjónustu í hvaða formi sem hún er óheimil á verðstöðvunartímabilinu, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og þau mega ekki leyfa aðra verðhækkun en þá, sem þau telja óhjákvæmilega. Auk þess þarf samþykki ríkisstjórnar að koma til.

Yfirvöld þau, er mega, ef til kemur, leyfa óhjákvæmilegar verðhækkannir, eru hin sömu og nú fara með verðlagsákvæðanir, hvert á sínu sviði, þ. e. Verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, Sexmannanefnd, er ákveður verð búvöru samkvæmt framleiðsluráðslögum, nr. 101/1966, Lyfjaverðlagsnefnd, er ákveður verð á lyfjum samkvæmt VII. kafla lyfsölulaga, nr. 30/1963. Þá eru nokkrar verðlagsákvæðanir lögum samkvæmt í höndum einstakra ráðuneyta.

#### Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að lagður verði á sérstakur launaskattur til þess að standa straum af útgjöldum, sem fylgja framkvæmd verðstöðvunar. Um álagningu þessa skatts vísast til nánari greinargerðar í almennum athugasemdum hér að framan.

#### Um 3. gr.

Í þessari gr. er kveðið á um hækkun fjölskyldubóta frá og með 1. nóvember 1970. Er gerð ýtarleg grein fyrir þeirri fyrirætlun í almennum athugasemdum hér að framan.

#### Um 4. gr.

Hér er kveðið á um, hvornig haga skuli útreikningi kaupgreiðsluvísitölu á verðstöðvunartímabilinu. Ákvæði eru um, að hækkun á útsöluverði áfengis og tóbaks hinn 30. október 1970, og væntanleg og óhjákvæmileg hækkun á iðgjaldi til almannaþrygginga frá ársbyrjun 1971, skuli ekki hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Um þetta hvort tveggja er fjallað nánar í almennum athugasemdum að framan.

Þá er og í 2. málsg. þessarar gr. lagt til, að við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skuli — að því er varðar vörur, sem greiddar eru niður með fjárframlagi úr ríkissjóði — eigi miða við útsöluverð á útreikningstíma framfærsluvísitölu, heldur við

1. dag næsta mánaðar, enda tilkynni ríkisstjórn Kauplagnesnefnd með minnst 2ja vikna fyrirvara hverju sinni, hvaða breytingar hún kann að hafa ákveðið að gera á niðurgreiðslum frá byrjun næsta mánaðar. Tilgangur þessa ákvæðis er sá að gera ríkisstjórninni kleift að breyta niðurgreiðslum nákvæmlega eins og með þarf til þess að halda kaupgreiðsluvísitölunni óbreyttri. Rétt er að taka það fram, að þessi tilhögun verðviðmiðunar við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu breytir engu um útreikningstíma hennar frá því, sem verið hefur.

Loks eru í 4. málsg. þessarar gr. ákvæði um hinn svo nefnda „búvörufrádrátt“. Eru þau efnislega hin sömu og eru í gildandi kjarasamningum, að því frátöldu, að hér er tekið fram, að niðurgreiðsla búvöruverðs til mótvægis hækkun þess á sama tíma og búvörufrádráttur kemur til framkvæmda við útreikning kaupgreiðsluvísitölu, skuli ekki hafa áhrif á stærð hans. Hér er um að ræða eðlilega breytingu á því orðalagi, sem til þessa hefur verið í lögum og kjarasamningum um þetta efni.

Að öðru leyti eru ákvæði frv. um útreikning kaupgreiðsluvísitölu óbreytt frá því, sem er í kjarasamningum frá sumri 1970.

#### Um 5. gr.

Í fyrri málsg. þessarar gr. er kveðið svo á, að verðlagsuppbót, sem svarar til 2ja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skuli eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1971. Um þetta er fjallað ýtarlega í almennum athugasemdum hér að framan.

Ákvæði fyrri málsliðs 2. málsg. þessarar gr. er óbreytt frá því, sem er í gildandi kjarasamningum. Ákvæði síðara málsliðs er hins vegar nýtt. Er tilgangur þess sá að koma í veg fyrir, að smávægileg breyting á kaupgreiðsluvísitölu, reiknaðri samkvæmt 4. gr., leiði til breytingar á verðlagsuppbót 4.21%, enda er gert ráð fyrir, að hún haldist til loka verðstöðvunartímabilsins. Þarf að setja þetta ákvæði vegna þess, að t. d. útsöluverð á nýmjólk breytist nú orðið ekki um minna en 10 aura, eða um eitthvert margfeldi 10 aura.

#### Um 6. gr.

Nú er orðið algengt að ákveða í húsaleigusamningum, að húsaleiga skuli fylgja verðlagsvísitölu. Er þar fyrst og fremst um að ræða vísitölu byggingarkostnaðar eða svo nefnda vísitölu húsnæðiskostnaðar, sem fyrir nokkru var hafin birting á, en aðrir mælikvarðar eru einnig notaðir, þótt sjaldnar sé. Þykir rétt að ákveða, að verðlagsbætur samkvæmt slíkum samningum megi hækka til samræmis við vísitölur eins og þær eru í nóvember 1970, en að slík verðtryggð húsaleiga skuli síðan haldast óbreytt til loka verðstöðvunartímabilsins. — Með því að fyrirsjáanlegt er, að framkvæmd þessa ákvæðis verður óvissu bundin í sumum tilvikum, þykir rétt, að einum opinberum aðila sé falið að skera úr ágreiningi, sem upp kann að koma. Liggur næst að fela Hagstofunni þetta verkefni vegna starfa hennar að vísitölumálum.

#### Um 7. gr.

Með hliðsjón af því, hve viðtæk ákvæði 1. gr. frv. eru, þykir rétt og sanngjarnt, að álagningarstiggar tekjuútsvars, eignarútsvars og aðstöðugjalds hækki ekki frá því, sem er 1970, nema sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar komi til. Getur orðið óhjákvæmilegt að veita slíkar undanþágur, eftir mati hverju sinni. Eru um þetta ákvæði í fyrri málsg. 7. gr., og í síðari málsg. hennar eru samsvarandi ákvæði um önnur opinber gjöld. — Samhljóða ákvæði voru í 3. gr. laga nr. 86/1966, um heimild til verðstöðvunar.

#### Um 8. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.